

## **26. fundur Svæðisskipulagsnefndar Vestfjarða, haldinn í fjarfundi (Teams) 4. maí 2026 kl 13.00**

Mætt voru Lilja Magnúsdóttir, formaður, Arnlín Óladóttir, Arinbjörn Bernharðsson, Ástrós Þóra Valsdóttir, Finnur Ólafsson, Jenný Lára Magnadóttir, Jóhanna Ösp Einarsdóttir, Matthías Lýðsson, Sigríður Júlía Brynleifsdóttir, Trausti Salvar Kristjánsson og Þorgeir Pálsson.

Forföll boðuðu; Aníta Björk Pálínudóttir, Eva Sigurbjörnsdóttir, Kristján Þ Kristjánsson og Margrét Dögg Sigurbjörnsdóttir,

Auk þeirra sátu starfsmenn fundinn frá Vestfjarðastofu Hjörleifur Finnsson, verkefnastjóri, Sigríður Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri og Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðaþróunar sem ritaði einnig fundargerð. Hrafnkell Proppé, skipulagsráðgjafi frá Urbana ehf, Hlynur Torfi Torfason, skipulagsfræðingur og Herdis Sigurgrímsdóttir, sérfræðingur VSÓ ráðgjöf.

Boðuð dagskrá.

1. Afgreiðsla tillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050
2. Erindi til sveitarstjórna um samþykki Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050
3. Kynning tillögu fyrir sveitarstjórnnum eftir kosningar
4. Önnur mál

Formaður kannaði hvort athugasemdir væru við boðun fundarins og dagskrá hans. Engar athugasemdir komu fram, setti formaður þá fundinn og gengið til dagskrár.

Aðalsteinn kynnti bókun sem Bragi Þór Thoroddsen, Súðavíkurbreppi hefði óskað eftir að verði lögð fram í upphafi fundar.

## Yfirlýsing Súðavíkurrepps vegna 26. fundar svæðisskipulagsnefndar 4. maí 2026

Í dag, 4. maí 2026, verður tekið fyrir skipulagstillaga fyrir svæðisskipulag Vestfjarða og miðað við dagskrá fundarins verður hún lögð fram til samþykktar. Það er eindregin afstaða sveitarstjórnar Súðavíkurrepps að samþykkja tillöguna miðað við fyrirbyggjandi gögn. Ferlið að baki er langt og ítrekaðir fundir hafa farið fram um vinnslu tillögunnar.

Vegna árekstrar funda í dag er fyrirsjáanlegt að undirritaður getur ekki mætt nema stopult á fundinn og óvíst hvort það nær til atkvæðagreiðslu um erindið. Þessari yfirlýsingu er ætlað að gilda sem atkvæði Súðavíkurrepps, með leyfi fundarins, komist undirritaður ekki inn á fundinn þegar atkvæðagreiðsla fer fram. Annars, verði undirritaður fjarstaddur, ber undirritaður fundinum bestu kveðjur og hvet viðstadda til þess að samþykkja tillöguna.

Virðingarfyllst,

f.h. Súðavíkurrepps,



Bragi Þór Thoroddsen – sveitarstjóri Súðavíkurrepps.

### 1. Afgreiðsla tillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050

Formaður kynnti að eftirfarndi skjöl liggja fyrir fundinum.

Tillaga til samþykktar  
Umhverfismat Svæðisskipulags Vestfjarða, maí 2026  
Vestfirðir og Vestfirðingar Stöðumat, maí 2026

Auk þessa liggja fyrir fundinum uppfærð samantekt á athugasemdum og umsögnum svæðisskipulagsnefndar, eftir umfjöllun 25. fundar 14. apríl 2026 og tillögur að breytingum eru nú tilgreindar í skjalinu *Tillaga til samþykktar*.

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið sem fóru yfir breytingar í texta skjalsins *Tillaga til samþykktar*.

Bragi Þór Thoroddsen, mætti til fundar.  
Til máls tóku auk formanns, Þorgeir, Arnlín og Matthías.

Formaður gaf Hrafnkeli og Herdísi orðið, sem fóru yfir breytingar í texta skjalsins *Vestfirðir og Vestfirðingar Stöðumat, maí 2026*

Til máls tók formaður.

Hrafnkell og Herdís kynntu að engar breytingar hefðu verið gerðar á skjalinu *Umhverfismat Svæðisskipulags Vestfjarða, maí 2026*

2. Erindi til sveitarstjórna um samþykki Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2050  
Með vísan til umræðu undir 1. lið lagði formaður fram eftirfarandi bókun.

*Svæðisskipulagsnefnd Vestfjarða hefur yfirfarið kynningartillögu Svæðisskipulags Vestfjarða 2025-2040 og sendir sveitarstjórnunum lokatillögu ásamt umsögnum nefndarinnar við framkomnum athugasemdum til samþykktar, sbr. 2. mgr. 25. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Formaður gaf orðið laust um tillöguna, enginn kvaddi sér hljóðs.

Formaður bar tillöguna upp til afgreiðslu, já sögðu 12, nei sögðu 0. Tillagan samþykkt því samhljóða.

Formaður fól starfsmönnum að kynna afgreiðslu nefndarinnar til sveitarstjórna.

3. Kynning tillögu fyrir sveitarstjórnunum eftir kosningar.  
Formaður gaf Aðalsteini og Hrafnkeli orðið.

Aðalsteinn kynnti að tillagan væri nú í prófarkaryfirlestri sem lyki síðar í dag. Boðað hefði síðan verið til funda Vestfjarðastofu með framboðum til sveitarstjórna á Vestfjörðum. Efni tillögunnar yrði þar á meðal til kynningar auk skýringa á starfi svæðisskipulagsnefndar eftir afgreiðslu svæðisskipulagstillögu.

Hrafnkell fór yfir lög og starfsreglur Húsnæðis, mannavirkja og skipulagsstofnunar varðandi tímaramma og afgreiðslu sveitarstjórna á svæðisskipulagstillögu.

Til máls tóku auk formanns, Finnur, Sigríður Júlía, Bragi.

4. Önnur mál.

Sigríður Kristjánsdóttir, bað um orðið, hún þakkaði nefndarmönnum, starfsmönnum og ráðgjöfum fyrir vinnu að gerð og nú samþykkt tillögunnar.

Til máls tók formaður og tók undir þakkir og góð orð í garð nefndarinnar, starfsmanna Vestfjarðastofu og ráðgjafa og þeim árangri að ná fram afgreiðslu tillögunnar fyrir lok kjörtímabilsins.

Formaður þakkaði svo fyrir fundinn og sleit fundi kl 13.50.